

# Verkefnisstjórn 50+

Starfsskýrsla 2005 - 2010

Nóvember 2009

Vinnuálastofnun

Margrét Kr. Gunnarsdóttir

The screenshot shows the website for the 50+ task force. The browser window is titled "50 plús - Windows Internet Explorer" and the address bar shows "http://50.felagsmalaraduneyti.is/". The website has a blue header with "50+" and a navigation menu. The main content area features a large "50+" logo with a stylized flower and the text "Verkefnisstjórn til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði". Below this, there are several news items with dates and titles, such as "Nýtt fræðsluefni" (22.6.2009) and "Heldra líf á Bifröst" (14.5.2009). A sidebar on the left contains a list of menu items and a small image of a book titled "ELDRI STARFSMENN". On the right, there is a logo for "Félags- og trúgöngumálaráðuneyti" and a section titled "Áhugavert efni" with a link to "Staða miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði". The taskbar at the bottom shows the user is logged in as "Margrét Gunna..." and the system clock is 13:41.

## Efnisyfirlit

<b>Samantekt og niðurstöður .....</b>	<b>3</b>
<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>Verkefnisstjórnin .....</b>	<b>7</b>
<b>Gestir .....</b>	<b>11</b>
<b>Fundir með aðilum .....</b>	<b>11</b>
<b>Verkefni .....</b>	<b>12</b>
<b>Ritgerðir/Rannsóknir .....</b>	<b>15</b>
<b>Þátttaka í ráðstefnum .....</b>	<b>15</b>
<b>Kynningarfundir .....</b>	<b>16</b>
<b>Málþing á Akureyri.....</b>	<b>22</b>
<b>Kynningarefni .....</b>	<b>24</b>
<b>Vefsíða .....</b>	<b>24</b>
<b>Lógó.....</b>	<b>24</b>

## Samantekt

Ísland er frábrugðið mörgum þeim þjóðum sem við berum okkur saman við, að því leyti að hlutfall hinna yngri á vinnumarkaði er enn til þess að gera hátt. Fæðingartíðni er há og þrátt fyrir að meðalaldur fólks hækki er vinnumarkaðurinn enn sjálfbær, þar sem hann stendur undir endurnýjun vinnuaflsins. Engu að síður blikka nokkur viðvörunarljós sem eru ábending um að Íslendingar þurfa að halda vöku sinni. Atvinnuþátttaka mun dragast saman ef ekkert er aðhafst. Þar kemur meðal annars til aldursþátttöku þjóðarinnar vegna hækkandi meðalaldurs, aukin velmegun, aukinn séreignarsparnaður og aukin hlutdeild lífeyrissjóða í lífeyrisgreiðslum. Að óbreyttu verður víða ekki til nægt vinnuafli til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Í ljósi alls þessa settu stjórnvöld af stað stefnumótandi verkefni; Verkefnisstjórn 50+ árið 2005.

Í störfum sínum var verkefnisstjórninni gert að taka mið af einstaklingum sem náð hafa 50 ára aldri. Ætla má að raunhæfara hefði verið að miða aldursmörkin við 60+ því það hefði auðveldað samanburð við önnur vestræn lönd. Íslenskar aðstæður eru frábrugðnar því sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við en atvinnuþátttaka 60+ hópsins hér á landi er sú mesta sem um getur á Vesturlöndum. Þjóðfélagslegar aðstæður hafa ýtt undir þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur verið mikil, atvinnuleysi lítið og launaumhverfið hefur stuðlað að atvinnuþátttöku þessa hóps þar sem lífeyrissjóðakerfið hefur ekki náð fullum þroska þar til nú. Vegna lágra lífeyrisgreiðslna hafa ákveðnir hópar ekki átt þess kost að hverfa af vinnumarkaði.

Skýrsla þessi er skrifuð réttu ári eftir fjármálahrunið á Íslandi sem hefur haft mikil áhrif á starf verkefnisstjórnarinnar. Fjármagn það sem verkefnisstjórnin hefur haft til umráða minnkaði til muna auk þess sem aðstæður á vinnumarkaði breyttust á mjög afgerandi hátt. Hin mikla eftirspurn eftir vinnuafli sem hefur verið einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað breyttist verulega og við tók atvinnuleysi. Hingað til hefur atvinnuleysi verið mest meðal hinna yngri á vinnumarkaði sem hafa minni ráðningarfestu en þeir eldri, en gera má ráð fyrir að langtímaatvinnuleysi verði meira meðal eldra aldursþópsins en þess yngri. Vinnuálagstofnun sem fer með opinbera vinnumiðlun í landinu mun í störfum sínum í vetur leggja áherslu á hóp ungra og ófaglærðra enda hefur reynslan sýnt að það er sá hópur sem verður verst úti í áföllum sem þessum.

Starf verkefnisstjórnarinnar hefur einkum beinst að þremur þáttum: fræðslustarfi, rannsóknnum og mótun á viðhorfi til hinna eldri á vinnumarkaði. Síðastnefndi þátturinn hefur verið umfangsmestur í starfseminni eins og skýrsla þessi ber með sér. Verkefnisstjórnin telur að með starfi sínu hafi henni tekist að vekja athygli samfélagsins á mikilvægi virkrar atvinnuþátttöku hinna eldri. Starf verkefnisstjórnarinnar er því mikilvægt innlegg í umræðu og starf á þessum vettvangi til framtíðar.

Starfstími verkefnisstjórnarinnar rennur út vorið 2010. Verkefnið er að mati nefndarinnar mjög mikilvægt en í ljósi kringumstæðna í samfélaginu og efnahagslegra þrenginga lagði verkefnisstjórnin til við félags- og tryggingamálaráðherra að starfstímabilinu lyki um áramótin 2009/2010.

Skýrsla þessi er samantekt yfir starfsemi verkefnisstjórnarinnar frá 2005 til og með 2009.

Reykjavík 17. nóvember 2009

---

Ásta Lára Leósdóttir

---

Halldóra Friðjónsdóttir

---

Hrafnhildur Tómasdóttir

---

Ingunn S. Þorsteinsdóttir

---

Jón H. Magnússon

---

Unnur V. Ingólfssdóttir

---

Gunnar Kristjánsson


## Inngangur

Árið 2004 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem var m.a. ætlað að kanna á hvern hátt unnt væri með lagasetningu að sporna við því að fólk væri látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur með uppsögnum eða mismunun í starfi. Í ljós kom að hópur þessi hefur lítið verið rannsakaður en ýmislegt lá fyrir af tölfræði sem nefndin vann úr og hafði hún síðan frumkvæði að því að gerð var könnun á viðhorfum til stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði sem IMG-Gallup annaðist.

Nefndin lagði til að vinnu sinni lokinni að stjórnvöld hæfu fimm ára verkefni til þess að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Verkefninu yrði sérstaklega ætlað að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra og skapa farveg fyrir nauðsynlega viðhorfsbreytingu meðal aðila vinnumarkaðarins og í þjóðfélaginu í heild.

## Atvinnuþátttaka


Atvinnuþátttaka er mikil hjá öllum aldurshópum á Íslandi ólíkt því sem tíðkast í vestrænum samfélögum því þar hefur vinnumarkaðsþátttaka eldra fólks dregist mjög saman á undanförunum árum.



Þróunina má rekja til áttunda áratugarins en þá var í nágrennalöndunum brugðist við miklu atvinnuleysi meðal ungs fólks með því að auðvelda starfsmönnum að hverfa af vinnumarkaði og hefja töku lífeyris. Minnkandi atvinnuþátttaka er samfélagslegt vandamál þar sem sífellt færri einstaklingar standa undir þjóðarframleiðslunni og velferðarkerfinu sem verður æ dýrara eftir því sem þjóðir eldast. Nú eru Evrópuríkin að bregðast við þróuninni sem af þessu hlaust en hins

vegar er ýmislegt sem bendir til þess að við munum standa frammi fyrir svipuðum vanda eftir nokkur ár verði ekkert að gert. Helstu ástæður þess er breytt aldurssamsetning þjóðarinnar, auknir lífsmöguleikar og velmegun. Einnig hefur tilkoma séreignarlífeyrissparnaðar sitt að segja og sú staðreynd að íslenska lífeyrissjóðakerfið er þessi árin að ná fullum þroska.


### Atvinnuleysi eftir aldri



Heimild: Vinnumálastofnun

Á Íslandi er atvinnuleysi meðal miðaldra og eldra fólks ekki meira en í öðrum hópum. Aftur á móti er langtímaatvinnuleysi meira viðvarandi hjá þessum hópum sem bendir til þess að fólki sem komið er yfir miðjan aldur og missir vinnuna, reynist erfiðara að fá vinnu að nýju en þeim sem yngri eru.

Stærstur hluti langtímaatvinnulausra er með grunnskólamenntun og eru tengsl atvinnuleysis og menntunar afdráttarlaus.



Kannanir sýna að verulega dregur úr þátttöku í sí- og endurmenntun með aldri og dregur það án efa úr samkeppnishæfni þeirra sem eldri eru.

Vinumarkaðurinn krefst sífellt meiri þekkingar og hraðari tækniþróun kallar á öflugri sí- og endurmenntun.

Menntun er ekki lengur átaksverk heldur er menntun orðin æviverk og með símenntun viðheldur einstaklingurinn færni sinni á vinnumarkaði.

## **Vinumarkaður**

Erlendar rannsóknir og kannanir gefa vísbendingu um aldurstengda mismunun á vinnumarkaði. Viðhorfið til eldra fólks er einkum að það eigi erfiðara með að tileinka sér nýja hluti og aðlagast breytingum. Þetta hafi áhrif á framgang eldra starfsfólks á vinnustað og birtingarmyndirnar eru einkum þær að þeir sem eldri eru fá ekki eða taka ekki fullan þátt í menntun/endurmenntun og fá sjaldnar ný verkefni og ögrandi viðfangsefni en þeir sem yngri eru.

Niðurstöður úr áðurnefndri viðhorfskönnun IMG - Gallup gáfu ekki einhlít svör við spurningum um aldurstengda mismunun hérlendis. Þegar fólk var spurt beint um eigin reynslu sagðist það ekki hafa fundið fyrir mismunun en margir kváðust hins vegar þekkja til fólks á sínum vinnustað sem hafði orðið fyrir slíkri mismunun. Í könnun sem Samtök atvinnulífsins létu gera á árinu 2004 meðal félaga sinna kom fram að eldra fólk er ekki talið síðri starfskraftur en hinir yngri. Það er sjaldnar frá vinnu vegna veikinda og er jákvæðara í garð vinnunnar en yngra fólk. Erlendar rannsóknir sýna sömu niðurstöður.

## **Verkefnisstjórnin**

### **Skipan verkefnisstjórnar**

Verkefnisstjórnin sem var skipuð í apríl 2005 gengur undir vinnuheitinu *verkefnisstjórn 50+*. Hún var í upphafi skipuð eftirtöldum aðilum:

*Elín R. Líndal formaður skipuð án tilnefningar*

*Lára Björnsdóttir tilefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga*

*Jón H. Magnússon tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins*

*Ásta Lára Leósdóttir tilnefnd af fjármálaráðuneyti*

*Einar Jón Ólafsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands*

*Halldóra Friðjónsdóttir tilnefnd sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkisins,*

*Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands*

*Margrét Kr. Gunnarsdóttir tilnefnd af Vinnumálastofnun*

Á tímabilinu hafa orðið breytingar á skipun verkefnisstjórnar. Lára Björnsdóttir og Einar Jón Ólafsson létu af störfum og í þeirra stað voru skipaðar þær Unnur V. Ingólfssdóttir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ingunn S. Þorsteinsdóttir af Alþýðusambandi Íslands. Gunnar Kristjánsson tók við formennsku af Elínu R. Líndal er hún baðst lausnar. Hrafnhildur Tómasdóttir varð fulltrúi Vinnumálastofnunar í verkefnisstjórninni í stað Margrétar Kr. Gunnarsdóttur sem er starfsmaður og sat alla fundi verkefnisstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Verkefnisstjórnina skipa nú:

*Gunnar Kristjánsson formaður skipaður án tilnefningar*

*Unnur V. Ingólfssdóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga*

*Jón H. Magnússon tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins*

*Ásta Lára Leósdóttir tilnefnd af fjármálaráðuneyti*

*Ingunn S. Þorsteinsdóttir tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands*

*Halldóra Friðjónsdóttir tilnefnd sameiginlega af Bandalagi starfsmanna ríkisins,*

*Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands*

*Hrafnhildur Tómasdóttir tilnefnd af Vinnumálastofnun*

Vinnumálastofnun leggur verkefninu til starfsmann og er Margrét Kr. Gunnarsdóttir starfsmaður í 20% starfshlutfalli.

Á tímabilinu hefur verkefnisstjórnin haldið 38 stjórnarfundum auk stefnumótunarfundar.



Hluti aðal- og varamanna stjórnar í lok starfstímabilsins



## Hlutverk verkefnisstjórnarinnar

Í skipunarbréfi kemur fram hlutverk verkefnisstjórnarinnar og tíminn sem verkefninu er ætlaður. Skipunarbréfið hljóðar svo:

*Félagsmálaráðherra hefur að tillögu nefndar um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði ákveðið að skipa sjö manna verkefnisstjórn sem ætlað er að stýra fimm ára verkefni sem hefur það meginmarkmið að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Verkefninu er auk þess ætlað að styrkja stöðu hópsins almennt m.a. með því að skapa jákvæða umræðu hér á landi um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þeirra og móta farveg fyrir viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu til þessa hóps.*

Verkefnisstjórnin hefur í starfi sínu litið einkum til;

- fræðslustarfs
- rannsóknar og
- áhrifa á viðhorf.

Þegar atvinnuþátttaka miðaldra og eldra fólks á Íslandi er borin saman við þátttöku sama hóps á vinnumarkaði erlendis er ljóst að ekki er þörf á sérstökum aðgerðum á Íslandi til að hvetja eldra fólk til að vera lengur á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka þessa hóps er með því mesta sem gerist í vestrænum samfélögum. Hins vegar þarf að leggja áherslu á aukinn sveigjanleika.

Verkefnisstjórnin hefur reynt að skapa umræður um hvernig bæta megi stöðu þessa hóps á vinnumarkaði, draga úr aldursfordómum og auka möguleika hópsins til starfsframa innan fyrirtækja og stofnana. Einnig hefur sjónum verið beint að þeim hópi sem vill minnka við sig vinnu og fara í ábyrgðarminna starf innan fyrirtækja. Verkefnisstjórnin hefur einkum unnið með áhrif á viðhorf í gegnum kynningar, auglýsingar og fundi. Einnig hefur hún lagt áherslu á leiðir í gegnum menntun og fræðslu. Verkefnisstjórnin hefur bent á að þarfir hópa eru mismunandi og því er sveigjanleiki útgangspunktur.



## Áherslur verkefnisstjórnar

Í starfi sínu lagði verkefnisstjórnin áherslu á rannsóknir á stöðu hópsins og menntunarmöguleika. Auk þess beindust þær annars vegar að hópnum 50 ára og eldri sem ekki er farinn að huga að starfslokum og hins vegar hinum sem standa frammi fyrir starfslokum. Fyrir nefndi hópurinn var aðal viðfangsefni nefndarinnar *starfstímabilið 2005-2006*. Rannsóknir sýna að þessum hópi gengur verr en öðrum að fá vinnu aftur missi hann vinnuna. Áhersla var lögð á aðgerðir til að bæta stöðu þessa hóps með auknu aðgengi að menntun og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld sem leitt gætu til viðhorfs breytinga. Stjórnin lagði áherslu á síðarnefnda hópinn árið 2007; þar var sjónum beint að mikilvægi aukins sveigjanleika svo sem í sambandi við lífeyrisréttindi, lækkun starfshlutfalls, möguleika á breyttum áherslum í starfi og sveigjanleg starfslok. Ennfremur kjarasamninga og lagasetningar.

Starfstímabilið 2008 lagði verkefnisstjórnin einkum áherslu á fyrirtækin. Sjónum var beint að starfsmannastefnu, nýráðningum, stjórnunarstíl og ferli innan fyrirtækja með áherslu á aldurshópinn 50+

Í ljósi efnahagsaðstæðna árið 2009 dró verkefnisstjórnin mjög úr starfsemi sinni á árinu en áherslan var einkum á færni og fræðslu. Gæta þarf að þessum hópi á næstu árum þar sem fólk yfir 50 sem missir vinnuna er líklegra til að eiga erfitt með að fóta sig á nýjan leik þegar aðstæður á vinnumarkaði batna.

## Gestir

Á fund verkefnisstjórnarinnar hafa komið eftirfarandi gestir:

- *Kristín Ástgeirsdóttir* framkvæmdastjóri Rannsóknarstofu í kvenna og kynjafræðum við HÍ
- *Lilja Mósesdóttir* prófessor á Bifröst
- *Guðbjörg Linda Rafnsdóttir* stjórnarformaður Rannsóknarstofu í vinnuvernd
- *Hanna Björg Vilhjálmsdóttir* höfundur BA ritgerðar um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði
- *Jón Torfi Jónasson* prófessor HÍ
- *Ásdís Ragnarsdóttir* IMG Gallup
- *Guðmundur S. Guðmundsson* fulltrúi áhugahóps um atvinnumál 45 +
- *Leopold Sveinsson* fulltrúi áhugafólks um atvinnumál 45+
- *Emil B. Karlsson* forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar
- *Sigurður Jóhannesson* hagfræðingur Hagfræðistofnunar
- *Sveinn Aðalsteinsson* framkvæmdastjóri Starfsafls – starfsmenntunarsjóðs Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins
- *Bernharður Guðmundsson* fulltrúi Öldrunarráðs Íslands í Norrænu tengslaneti um nám fullorðinna sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar
- *Lárus Blöndal* vinnumarkaðsfræðingur og deildarstjóri hjá Hagstofu Íslands
- *Ketill G. Jósefsson* forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum
- *Steinunn Björk Sigurðardóttir* náms- og starfsráðgjafi þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum
- *Guðrún Sveinsdóttir* lögfræðingur í félagsmálaráðuneyti, starfsmaður starfshóps um innleiðingu á tilskipun um bann á mismunun
- *Margrét Linda Ásgrímsdóttir* náms- og starfsráðgjafi á Vinnumálastofnun á Suðurnesjum
- Erlendir aðilar frá Noregi og Tékklandi sem kynntu sér málefni hópsins í heimsóknum til Vinnumálastofnunar
- *Ólafur Már Sigurðsson* starfsmaður Hagstofu Íslands
- *Aðalheiður Sigurjónsdóttir* starfsmaður Mímis símenntunar

## Fundir með aðilum

### Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins

Formaður og starfsmaður verkefnisstjórnarinnar áttu fund með forstöðumanni Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu og forstöðumanni ráðgjafasviðs Vinnumiðlunar. Störf verkefnisstjórnar voru kynnt og opnað var fyrir samstarf. Vinnumiðlunin stendur fyrir ýmsum vinnumarkaðsúræðum sem mögulega var hægt að tengja starfi verkefnisstjórnar.

## Vinnumiðlun á Suðurnesjum

Fundur formanns og starfsmanns verkefnisstjórnar með Vinnumálastofnun á Suðurnesjum hafði það að markmiði að kynna störf verkefnisstjórnarinnar og leita hófanna um hugsanlega samvinnu vegna brottfarar Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli en stór hópur af þeim sem misstu þar vinnu er miðaldra og eldra fólk. Möguleikar voru á samstarfi þar sem verið var að greina hjá Vinnumálastofnun fjölmarga þætti sem gætu tengst hlutverki og starfi verkefnisstjórnarinnar.

## Verkefni



### Rannsóknarsetur verslunarinnar

Verkefnisstjórnin styrkti rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar sem unnin var í samstarfi við Hagfræðistofnun HÍ. Kveikjan að verkefninu var viðvarandi starfsmannaskortur í smásöluverslunum og áhugi verslunarinnar að fá eldri starfsmenn til starfa. Talið er að stærsta hindrunin fyrir aukinni atvinnuþátttöku sé skerðing á ellilífeyri þessa fólks.

Unnin var rannsóknarskýrsla sem kom út í apríl 2007 og bar heitið *Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja*.

Markmið rannsóknarinnar var að;

- greina framleiðni í verslunum og bera saman við stöðu annarra starfsgreina,
- kanna samfélagslegan ávinning af því að auka atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja með því að halda bótum til þessara hópa óskertum – með sérstakri áherslu á verslunarstörf.

## Aldursvogin



Rannsóknastofa í vinnuvernd

### Rannsóknarstofa í Vinnuvernd vann fyrir verkefnisstjórnina eftirfarandi úttekt á aldursvog sem Norðmenn keyra árlega.

Í Noregi hefur um nokkurra ára skeið verið unnið með svokallaða aldursvog eða barómetermælingar á stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. Markmiðið með þessum mælingum er að atvinnulífið og vinnufyrirkomulagið sé með þeim hætti að fólki geti liðið vel í vinnu, óháð aldri.

Spurningalisti, sem er lagður fyrir þjóðarúrtak, tekur til þátta sem geta skipt máli til þess að þetta markmið náist. Spurningalistinn er lagður fyrir árlega svo hægt sé að fylgjast með hugsanlegum breytingum frá einu tímabili til annars. Með þessu móti er reynt að meta hvaða þættir það eru í og utan vinnu sem geta haft áhrif á stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. Bakgrunnsbreytur ná til kyns, aldurs, tekna, menntunar, búsetu, atvinnugreina, vikulegs vinnutíma, hvort viðkomandi starfi hjá hinu opinbera eða í einkageiranum og á hvern hátt lífeyrismálum er háttað. Hringt er heim til fólks til að tryggja sem besta svörun.

Spurningalistinn er aðgengilegur og þar sem hann er lagður fyrir alla aldurshópa á vinnumarkaði er hægt að greina mismunandi svör eftir því hvaða aldurshópur á í hlut. Á þann hátt er bæði hægt að slá á hugsanlegar goðsagnir um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og staðfesta annað. Í ljós kemur t.d. að það er algengara að þeir sem eru eldri en 60 ára segjast hlakka til að fara í vinnuna en þeir sem eru yngri. Með hækkandi aldri fjölgar þeim sem segjast hlakka til að fara á eftirlaun en lækkar þó aftur meðal þeirra sem eru eldri en 60 ára.



## **NORSK SENIORPOLITISK BAROMETER LEDERE I ARBEIDSLIVET NORSK SENIORPOLITISK BAROMETER YRKESAKTIV BEFOLKNING**

Í norsku gögnunum eru hagnýtar upplýsingar sem mikilvægt er að taka tillit til á vinnustöðum. Þar kemur í ljós að því eldra sem fólk er því líklegra er að það segi að í vinnunni sé tölvukerfi sem erfitt sé að læra á. Einnig kemur fram að um helmingur svarenda segir að þegar ný tækni eða nýtt vinnufyrirkomulag er kynnt til sögunnar sé oftast leitað til þeirra sem eru yngri en til eldri hópsins. Um fimmtungur svarenda segir að eldra fólk fái síður að sækja ýmis námskeið og endurmenntun á vinnutíma en þeir sem yngri eru. Þessi svör geta bent til þess að innan vinnustaðanna sé í gangi ferli sem eykur aldursbundna þekkingu á nýjungum í vinnu, eldra starfshópnum í óhag, og það alls óháð vilja og getu viðkomandi starfsmanna. Allt að þriðjungur svarenda segir að frekar sé gengið fram hjá eldra fólki en yngra við framgang í starfi og um fimmtungur segir að eldra fólk fái síður launahækkanir er þeir yngri.

Í gögnunum koma einnig fram upplýsingar sem geta verið hagnýtar við uppbyggingu lífeyriskerfisins. Sem dæmi má nefna að meirihluta Norðmanna finnst það slæmt fyrirkomulag að hægt sé að vinna sér inn hærri eftirlaun með því að vera lengur á vinnumarkaði. Þessari skoðun eykst fylgi með hækkunum aldri. Um fimmtungur hefur orðið var við aldursbundna mismunun í vinnu.

Vegna aldurssamsetningar íslensku þjóðarinnar mun á næstu árum mikill fjöldi vinnandi fólks hér á landi tilheyra eldri aldurshópnum á vinnumarkaði. Vegna þess hve framboð vinnu hefur verið gott hér á landi er mikilvægt að tryggja að atvinnulífið og fyrirkomulag vinnu sé með þeim hætti að það mismuni ekki þessum aldurshópum. Því er mikilvægt að greina hvar styrkur eldra fólks á vinnumarkaði er og hvar má gera betur. Ein leið til þessa er að taka upp sambærilega aldursvog og Norðmenn hafa gert og fjallað er um hér að framan.

Með því móti fást reglubundnar upplýsingar um aldursbundna stöðu vinnandi fólks og væri hægt að bregðast við þeim eins og kostur er.

Æskilegt væri að taka mið af norsku aldursvoginni og spyrja sambærilegra spurninga og þar er gert. Þá fengjust samanburðarhæf gögn, sem er kostur og getur hjálpað við túlkun niðurstaðna. Engu að síður er mikilvægt að líta ekki framhjá séríslenskum aðstæðum ef um slíkt er að ræða. Gagnlegt væri að þýða spurningarnar úr norsku aldursvoginni yfir á íslensku og fá síðan valda sérfræðihópa til að benda á hugsanlegar viðbótarspurningar sem nota þyrfti hér á landi. Mikilvægt er að vinna spurningalistann vel áður en farið er að nota hann í fyrsta sinn, því ekki er æskilegt að breyta honum á milli ára vegna þess samanburðar sem sóst er eftir. Verkefnisstjórnin fékk tilboð í verkefnið frá Rannsóknarstofu í vinnuvernd.

Verkefnisstjórnin leitaði leiða til að fá rekstaraðila að aldursvoginni. Ljóst var að lítið gagn væri að því að keyra könnunina einu sinni. Rannsóknin byggir á samanburði og var því nauðsynlegt að koma könnuninni fyrir þannig að hún yrði framkvæmd reglulega. Ekki hefur enn fundist aðili til að framkvæma verkefnið.

## Hagstofan

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar hefur verið unnin frá árinu 1991 en þá var afráðið að framkvæma reglubundna rannsókn til að afla haldbærra og greinagóðra gagna um vinnumarkaðinn hér á landi. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að afla sem gleggstra og ítarlegra upplýsinga um vinnumarkaðinn svo sem um atvinnu og störf, atvinnuþátttöku og atvinnuleysi, vinnutíma eftir búsetu, menntun og aldri. Rannsóknin er sambærileg við vinnumarkaðsrannsóknir sem framkvæmdar eru í löndum Evrópusambandsins og því auðvelt eða bera saman niðurstöðu milli landa. Ýmsar spurningar sem lagðar eru fyrir í þessari rannsókn tengjast viðfangsefni verkefnisstjórnar 50+ hvað varðar fræðslu og sí- og endurmenntun. Hefur hún því leitað eftir samstarfi við Hagstofuna með það að leiðarljósi að fylgjast með ákveðnum breytum og birta niðurstöður á heimasíðu sinni. Unnið er að lausn mála.



## Tengslavinna

Starfsmaður verkefnisstjórnarinnar tók þátt í hugmyndasmiðju um málefni aldraðra í lok janúar 2008. Hugmyndasmiðjan var á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Fulltrúar mismunandi þjóðfélagshópa og hagsmunaaðila unnu með verkefni í þremur hópum sem var innlegg í störf ráðuneytisins um málefni aldraðra.

## Ritgerðir/Rannsóknir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Verkefnisstjórnin keypti tvær meistaraprófs ritgerðir á starfstímabilinu. Annars vegar ritgerð Guðfinnu Harðardóttur nema í mannauðsstjórnun við HÍ sem ber heitið- **Viðhorf stjórnenda í verslun til færni miðaldra og eldra starfsfólks.**

Hins vegar ritgerð Ólafar Ingu Sigurbjartsdóttur nema í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst sem ber heitið **Aldurstefna fyrir tækja. Starfslok – stefnumótun.**

Verkefni þessi voru kynnt á morgunverðarfundi sem verkefnisstjórnin stóð fyrir í nóvember 2008.



Unnin var greining á stöðu aldurshópsins 50+ í **Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.** Hjalti Jóhannesson sérfræðingur og aðstoðarforstöðumaður Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Kjartan Ólafsson lektor við Háskólann á Akureyri unnu greininguna og kynntu niðurstöður á málþingi sem verkefnisstjórnin stóð að á Akureyri í september 2008 og á morgunverðarfundi í nóvember 2008.

## Þátttaka í ráðstefnum

### 5th european conference on promoting workplace health



Í júní 2006 hélt Margrét Kr. Gunnarsdóttir erindi á ráðstefnu í Linz í Austurríki, 5th european conference on promoting workplace health. Erindið fjallaði um stöðu miðaldra og eldra fólks á Íslandi.

Málefnið var sett í samhengi við símenntun og verkefni sem ríkisstjórnir hafa komið af stað í Evrópulöndunum til að styrkja þennan hóp á vinnumarkaði.

## Competence 50+

Fulltrúar verkefnisstjórnarinnar þær Halldóra Friðjónsdóttir og Margrét Kr. Gunnarsdóttir sóttu fyrir hönd verkefnisstjórnar ráðstefnuna, *Competence 50* sem haldin var í Svíþjóð í júní. Ráðstefnan var vettvangur Evrópubúa sem liðsinna fólki sem er eldra en 45 ára við að viðhalda færni sinni þannig að það geti verið lengur á vinnumarkaði. Kynnt voru ýmis verkefni sem unnið hefur verið að um málefnið ásamt pólitískum áherslum. Ráðstefnan var fjölmenn og umfangsmikil, Halldóra Friðjónsdóttir kynnti hluta af efni hennar á opnum fundi verkefnisstjórnar 15. nóvember 2007.



## Kynningarfundir

Í byrjun september 2006 var hrundið af stað kynningarherferð á verkefninu.

Morgunverðarfundir voru haldnir þrjá morgna fyrri part vetrar. Markmið þeirra var að vekja athygli á málefningu og stuðla að viðhorfsbreytingu. Áherslan á fyrsta fundi var á fyrirtækin, á öðrum fundi á einstaklingana og á þriðja fundi á sí- og endurmenntun.

## Fundaröðin 2006

**Fundur 17. október kl. 8:30 – 10:00**

### Dagskrá:

**Magnús Stefánsson** félagsmálaráðherra ávarpaði fundargesti.

**Sigurður Guðmundsson** skipulagsfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu fjallaði um aldursskiptingu í atvinnugreinum. Frammi fyrir hvaða veruleika er staðið í atvinnulífinu? Hver er þróunin?



**Steinn Logi Björnsson** forstjóri Húsasmiðjunnar og **Rakel Ýr Guðmundsdóttir** starfsmannastjóri SPRON fjölluðu um stefnu fyrirtækja með tilliti til aldursdreifingar á vinnustað. Gilda sömu sjónarmið í fjármálafyrirtækjum og verslun svo dæmi sé tekið? Bjóða fyrirtæki eldra starfsfólki að minnka starfshlutfall eða flytjast úr ábyrgðarstöðu í aðra síður ábyrgðarfulla? Fá eldri starfsmenn sömu tækifæri og yngri varðandi endur- og símenntun?





### **Fundur 9. nóvember kl. 8:30 – 10:00**

**Hugrún Jóhannesdóttir** forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu fjallaði um hlutverk vinnumiðlana og þátt þeirra í því að hafa áhrif á viðhorf atvinnurekenda til þessa aldurshóps. Hvað geta þær gert til þess að auka möguleika aldurshópsins á að fá vinnu. Þá verður einnig verður komið inná ráðgjöf og miðlun starfa.

**Guðbjörg Linda Rafnsdóttir** stjórnarformaður Rannsóknarstofu í vinnuvernd og dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands fjallaði um einstaklinginn á vinnustað, vellíðan hans og vinnuviðhorf með hliðsjón af aldri starfsmanna. Hvernig geta einstaklingar tekist á við atvinnuleysi og hvað geta þeir gert til að auka möguleika sína á vinnumarkaði?

**Vilhjálmur Egilsson** framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og **Gunnar Páll Pálsson** formaður VR fjölluðu um þátt félagasamtaka, stéttarféлага og félög atvinnurekenda. Hvað geta þessir aðilar gert til að styrkja stöðu hópsins á vinnumarkaði?

### **Fundur 7. desember kl. 8:30 – 10:00**

**Jón Torfi Jónasson** prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, fjallaði um símenntun innan fyrirtækja. Eru eldri starfsmenn hvattir til þátttöku í símenntun jafnt og þeir sem yngri eru? Hvernig skynja fyrirtækin þrýsting á þátttöku? Eru þeir eldri tregari til þátttöku en þeir yngri? Skiptir starfsmannastefna máli varðandi þátttöku? Hvaða skýringar eru á minni þátttöku eldra fólks í endurmenntun?

**Soffía Gísladóttir** framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og **Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir** framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fjölluðu um símenntunaraðila og samspil framboðs og eftirspurnar. Hvernig verður framboðið til og eftir hverju fara símenntunaraðilar þegar námsframboð er ákvarðað? Tengist raunfærnimat á einhvern hátt stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði?

## Umfjöllun sem verkefnið fékk í kjölfar fundaraðarinnar

Heimasíða opnuð á vef félagsmálaráðuneytisins.

<http://50.felagsmalaraduneyti.is>

- *Fréttir NFS - Sigurður Guðmundsson*
- *Fréttir RÚV - Elín R. Líndal*
- *Dagbókin Morgunblaðið kynning á verkefnisstjórninni og fundaröðinni*
- *Blaðagrein í Morgunblaðinu*
- *Samfélagið í nærmynd – viðtal við Elínu R. Líndal*
- *Kastljósið - viðtöl við tvo einstaklinga á miðjum aldri sem lengi höfðu verið án atvinnu og formann verkefnisstjórnar Elínu R. Líndal*
- *Síðdegisútlit – Jón Torfi Jónasson*
- *BHM tíðindi – Margrét Kr. Gunnarsdóttir*

## Fundaröðin 2007

Um miðjan október var hafin fundaherferð sem hafði það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Áherslur í fundaröðinni voru á sveigjanleg starfslok. Fyrsti fundurinn var út frá þjóðhagslegum ávinningi af atvinnuþátttöku eldra fólks, annar fundur út frá ávinningi fyrirtækja af því að halda fólki lengur í vinnu og þriðji fundurinn var út frá ávinningi einstaklinganna af atvinnuþátttöku og þeirra möguleikum á að stjórna brottför af vinnumarkaði.

## Dagskrá:

**Fundur 19. október kl. 8:30 – 10:00**



**Jóhanna Sigurðardóttir** félagsmálaráðherra ávarpaði fundargesti.

**Sigurður Jóhannesson** hagfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fjallaði um samverkan launa- og lífeyristekna og hvort það sé þjóðhagslegur ávinningur af atvinnuþátttöku eldra fólks. Hann útskýrði skerðingar sem eru í kerfinu í dag og velti fyrir sér áhrifum af niðurfellingu tekjuskerðingar hjá 70 ára og eldri.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir** framkvæmdastjóri þróunarsviðs Tryggingastofnunar ríkisins fjallaði um kostnað samfélagsins af því að missa fólk fyrr af vinnumarkaði út frá heilsufarslegum og félagslegum forsendum. Hún rakti þróun atvinnuþátttöku og fjölgun öryrkja.

**Hannes G. Sigurðsson** aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins fjallaði um breytingar í mannfjöldaþróun næstu áratuga og áhrif breytinganna á íslenskan vinnumarkað. Hann fjallaði um alþjóðavæðinguna og áhrif hennar á íslenskan vinnumarkað. Einnig greindi hann frá niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal aðildarfyrirtækja SA 2004, til eldra fólks á vinnumarkaði.



**Fundur 2. nóvember kl. 8:30 – 10:00**

**Emil B. Karlsson** forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar fjallaði um rannsókn Rannsóknarsetursins á ávinningi fyrirtækja af atvinnuþátttöku eldra fólks. Kannað var viðhorf eldra fólks til vinnumarkaðsþátttöku og ávinning verslana af atvinnuþátttöku þessa hóps.

**Guðríður H. Baldursdóttir** starfsmannastjóri Kaupáss fjallaði um möguleika og reynslu fyrirtækjanna af að ráða eldra fólk til starfa. Hún greindi frá ávinningi Kaupáss af ráðningu eldra starfsfólks og upplifun fólksins.

**Guðrún Stella Gissurardóttir** forstöðumaður þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, fjallaði um *mentora* hugmyndina – félagsvinakerfi. Hún fjallaði um hugmyndina út frá einstaklingunum og möguleikum fyrirtækjanna til að nýta sér hana.

### Fundur 15. nóvember kl. 8:30 – 10:00

**Sveinn Aðalsteinsson** framkvæmdastjóri Starfsafls, starfsmenntar Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, fjallaði um Evrópuverkefni sem Starfsafl tekur þátt í og miðar að því að styrkja stöðu eldra fólks á vinnumarkaði. Hann kynnti verkefnið á Íslandi sem unnið er í samstarfi Starfsafls, Námsflokka Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélagsins Hlífar og þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á höfuðborgarsvæðinu.

**Séra Bernharður Guðmundsson** fulltrúi Öldrunarráðs Íslands í norrænni nefnd – *Ældre i arbejdslivet* – fjallaði um breytilegar þarfir og aðstæður fólks á vinnumarkaði. Hann rakti þróun vinnumarkaðar og hvernig lýðfræðileg þróun breytir kröfum fólks á vinnumarkaði.

**Halldóra Friðjónsdóttir** formaður BHM og stjórnarmaður í Verkefnisstjórn 50+ fjallaði um erlend verkefni sem unnin hafa verið með þennan aldurshóp í fyrirtækjum sem kynnt voru á ráðstefnunni *Competence 50+* í Svíþjóð fyrr á árinu. Hún greindi frá verkefni sem unnið var í sænsku orkufyrirtæki þar sem hár meðalaldur starfsmanna vakti stjórnendur til umhugsunar um hættu á þekkingartapi úr fyrirtækinu væri ekkert að gert.



### Umfjöllun sem verkefnið fékk í kjölfar fundaraðarinnar

Erindin á heimasíðu verkefnissins <http://50.felagsmalaraduneyti.is>

- *Dagbók Morgunblaðsins* – Gunnar Kristjánsson formaður verkefnisstjórnar
- *Skessuhorn* – grein Gunnars Kristjánssonar
- *Morgunblaðið* – Hannes G. Sigurðsson
- *Samfélagið í nærmynd* – Sigríður Lillý Baldursdóttir 24.10.2007
- *Samfélagið í nærmynd* – Emil B. Karlsson 31.10.2007
- *Morgunvaktin RÚV* – Guðríður H. Baldursdóttir og Margrét Kr. Gunnarsdóttir 6.11.2007
- *Vi over 60 i Noregi* – viðtal við Margréti Kr. Gunnarsdóttur
- *Arbejdsliv i Norden* - fréttapistill

Verkefnisstjórnin efndi til morgunverðarfundar þann 19. nóvember 2008, þar sem fjallað var um stöðu miðaldra og eldra fólks þegar þrengir að á vinnumarkaði. Skömmu eftir hrun efnahagskerfisins þótti fróðlegt að velta upp ýmsum spurningum um stöðu þessa aldurshóps á vinnumarkaði. Á fundinum fjölluðu þrír frummælendur um sérstöðu hópsins í þróun og ástandi samtímans. Tveir höfundar meistaraþrófs ritgerða kynntu niðurstöður rannsókna sinna.

## Fundur 19. nóvember 2008

### Dagskrá:

**Karl Sigurðsson** forstöðumaður vinnuálasviðs Vinnuálastofnunar gerði grein fyrir þróun atvinnuleysis hjá fólki sem komið er yfir fimmtugt og stöðu þeirra á vinnumarkaði.



**Guðfinna Harðardóttir** sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sagði frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var í tengslum við meistararitgerð í mannaútsjórnun við HÍ - Viðhorf stjórnenda í verslun til færni miðaldra og eldra starfsfólks.

**Margrét Linda Ásgrímsdóttir** náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnuálastofnun á Suðurnesjum gerði grein fyrir verkefni varðandi miðaldra og eldra fólk á atvinnuleysissskrá sem unnið var fyrir vinnumarkaðsráð Vinnuálastofnunar á Suðurnesjum.

**Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir** framkvæmdastjóri Héraðs- og Austurlandsskóga sagði frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal fyrirtækja í tveimur atvinnugreinum hvað varðar aldursstjórnun og stefnumótun við starfslok en rannsóknin var viðfangsefni meistararitgerðar í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst – Aldursstefna fyrirtækja. Starfslok – stefnumótun.

**Hjalti Jóhannesson** sérfræðingur og aðstoðarforstöðumaður Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri fjallaði um breytingar í atvinnulífinu með hliðsjón af reynslu frá Akureyrarsvæðinu.

### Umfjöllun

*Málþingið og morgunverðarfundurinn hlaut allnokkra fjölmiðlaumfjöllun en birt voru viðtöl við frummælendur í ljósvakamiðlum, dagsblöðum og landshlutafréttamiðlum.*

Starf verkefnisstjórnar hefur einnig verið kynnt í Vinnuálastofnun og fyrir erlendum aðilum sem hingað hafa komið til að kynna sér stöðu eldra fólks á vinnumarkaði og erlendir blaðamenn hafa einnig kynnt sér og fjallað um starfsemi verkefnisstjórnarinnar.

## Málþing á Akureyri

Verkefnisstjórnin stóð að málþingi sem haldið var á Akureyri 25. september 2008 undir heitinu: „Eldri starfsmenn – akkur vinnustaða“ Velt var upp þeirri spurningu hvort eldri starfsmenn geti verið lykillinn að velgengni fyrirtækja.



# ELDRI STARFSMENN

*akkur vinnustaða*

Geta eldri starfsmenn verið lykillinn að velgengni fyrirtækja?  
Málþing á vegum Verkefnisstjórnar 50+ haldið í Ketilhúsi á Akureyri  
**fimmtudaginn 25. september 2008 kl. 13:00 – 16:00**  
Ráðstefnustjóri: Kristín Ástgeirsdóttir

### *Dagskrá:*

- 13:00 Ávarp félags- og tryggingamálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur
- 13:15 Hjalti Jóhannesson sérfræðingur og aðstoðar forstöðumaður Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Kjartan Ólafsson lektor við Háskólann á Akureyri gera grein fyrir helstu niðurstöðum úr Rannsókn á samfélagsáhrifum alvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Þeir hafa tekið út áhrif á aldurshópin 50+ og kynna niðurstöður vinnu sinnar.
- 13:45 Sigrún Jónsdóttir starfsmaður Alcoa Fjarðaáls segir frá starfsmannastefnu fyrirtækisins og ráðningum með tilliti til aldurshópsins 50+. Hvort merkjanleg sé einhver sérstaða þessa aldurshóps.
- 14:05 Grétar Þór Eypórssen prófessor við Háskólann á Akureyri fjallar um 50+ hópin í háskólunum, þarfir atvinnulífsins og framboð landsbyggðarháskólanna.
- 14:25 Kaffi
- 14:45 Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri Akureyrar gerir grein fyrir áherslum bæjarins í starfsmannamálum með tilliti til aldurshópsins 50+. Hvort starfsmannastefnan taki á einhvern hátt tillit til þessa aldurshóps og hvort hann hafi merkjanlega einhverja sérstöðu á þeirra markaði.
- 15:05 Óli Halldórsson forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga fjallar um símenntun aldurshópsins 50+, tækifæri og hindranir og samskipt menntunarþarfa mannaflans og samfélaganna.
- 15:35 Samantekt og ráðstefnulok
- 16:00 Léttar veitingar í boði Verkefnisstjórnar 50+



Ráðstefnustjóri var **Kristín Ástgeirsdóttir** framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.



**Jóhanna Sigurðardóttir** félags- og tryggingamálaráðherra ræddi um stöðu hópsins í atvinnulífinu. Hún lagði áherslu á blandaða aldurssamsetningu vinnustaða fyrir framtíð atvinnulífsins og samfélagsins þar sem reynsla og verkunnátta þeirra sem eldri eru væri bráðnauðsynleg og styrkti og eflði vinnustaði. Hún ræddi um mikilvægi þess að styrkja stöðu eldra fólks á vinnumarkaði, ekki síst í því atvinnuástandi sem nú ríkir.



**Hjalti Jóhannesson** sérfræðingur og aðstoðarforstöðumaður Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og **Kjartan Ólafsson** lektor við Háskólann á Akureyri gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum úr *Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi*. Þeir tóku út áhrif á aldurshópinn 50+ og kynntu niðurstöður vinnu sinnar.



**Sigrún Jónsdóttir** starfsmaður Alcoa Fjarðaáls sagði frá starfsmannastefnu fyrirtækisins og ráðningum með tilliti til aldurshópsins 50+. Útgangspunkturinn var hvort merkjanleg væri einhver sérstaða hjá þessum aldurshópi.



**Grétar Þór Eypórsson** prófessor við Háskólann á Akureyri fjallaði um 50+hópinn í háskólunum, þarfrí atvinnulífsins og námsframboð landsbyggðarháskólanna.



**Sigrún Björk Jakobsdóttir** bæjarstjóri Akureyrar gerði grein fyrir áherslum bæjarins í starfsmannamálum með tilliti til aldurshópsins 50+. Hvort starfsmannastefnan taki á einhvern hátt tillit til þessa aldurshóps og hvort hann hafi merkjanlega einhverja sérstöðu á þeirra markaði?

**Óli Halldórsson** forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga fjallaði um símenntun aldurshópsins 50+, tækifæri og hindranir og samspil menntunarþarfa mannaflans og samfélagsins.




## Gestir á málþinginu



## Kynningarefni

Meðal kynningarefni sem verkefnisstjórnin lét vinna á árinu 2008 er veggspjald og kynningarbæklingur sem dreift hefur verið í bakland verkefnisstjórnarinnar og til áhrifaaðila í samfélaginu. Sjá heimasíðu verkefnisstjórnarinnar.



## Vefsíða

Vefsíða verkefnisins var opnuð árið 2006 og er vistuð hjá félagsmálaráðuneyti. Hefur hún verið endurrunnin og gerð mjög notendavæn. Þar er að finna allar fundargerðir stjórnar, erindi frá fundum á vegum verkefnisstjórnarinnar og ýmsar aðrar upplýsingar sem tengjast málefnum þessa aldurshóps á vinnumarkaði.

<http://50.felagsmalaraduneyti.is>

## Lógó

Lógó verkefnisstjórnarinnar var tekið í notkun í október 2006 og sá Sigmundur Arnar Arnórsson starfsmaður Vinnuálastofnunar um hönnun og útfærslu.

